

Viðræðufundur Porvoosamfélagsins um þvertrúarleg samskipti
í Osló 30. nóvember til 3. desember 2003

Leiðbeiningar kirkna Porvoosamfélagsins í þvertrúarlegum samskiptum

A

Upphafið er hjá Guði

Þegar við sem kristnir einstaklingar mætum fólki af öðrum trúarbrögðum, með önnur trúarviðhorf og sem ástundar aðra andlega iðkun, gerum við það í nafni og með styrk þess Guðs sem við þekkjum sem þrenningu. Þessi trú vísar okkur á ákveðnar guðfræðilegar meginreglur sem móta þessi samskipti:

Guð er ekki síður örlátur í frelsuninni en í sköpuninni

Sá Guð sem við mætum í sköpuninni er örlátur í náð sinni og gleðst yfir margbreytileikanum: „Hversu mörg eru verk þín, Drottinn, þú gjörðir þau öll með speki.“ (Sl 104:24.) Sá Guð sem skapar er hinn sami Guð sem frelsar og vill leiða allt til fullkomunar.

Jesús Kristur sýnir okkur auglit Guðs og opnar veginn til hans

Í Jesú höfum við séð „ljóma dýrðar“ Guðs (Heb. 1:3); hann sýnir okkur veginn til föðurins og við viljum deila þessum vegi með öðrum. Vitnisburður okkar um þennan veg þarf að vera með þeim hætti að allir heyri hann sem fagnaðarerindi; það er ekki hlutverk okkar að takmarka frelsandi náð Guðs.

Nálægð andans þekkt af ávöxtum hans

„Því að af ávextinum þekkt tréð“ og „ávöxtur andans er: Kærleiki, gleði, friður, langlyndi, gæska, góðvild, trúmennska, hógværð og bindindi“. (Mt 12:33; Gl 5:22-23.) Þegar við mætum þessum eiginleikum í samskiptum okkar við fólk af öðrum trúarbrögðum, getum við fyrir tilstilli náðar Guðs greint nærveru andans.

B

Aðstæðurnar í þjóðfélögum okkar

Þjóðfélögin, þar sem kirkjur okkar eru kallaðar til að starfa og þjóna, einkennast í vaxandi mæli af fjölhyggju í trúarbrögðum, trúarviðhorfum og andlegri iðkun. Þetta má að mestu leyti rekja til þess að til fjölda ára hefur fólk frá öðrum löndum sest þar að og um leið flutt með sér trúarviðhorf sín og siði. Þetta hefur gerst í mismiklum mæli og á ýmsum skeiðum: Í sumum löndum er að finna stór og rótföst trúarsamfélög sem ná margar kynslóðir aftur en annars staðar er trúarleg fjölmening fremur ný af

nálinni og í mun minni mæli. Aðstæðurnar breytast ennfremur stöðugt eftir því sem fólk heldur áfram að sækjast eftir hæli og velferð í heimshluta okkar.

Til viðbótar þeim trúarsamfélögum sem skera sig úr bæði sýnilega og menningarlega hefur fjölbreytnin og flæðið í andlegum efnum aukist mjög í þjóðfélögum okkar. Margir sækjast eftir merkingu og tilgangi með nýrri eða öðru vísi andlegri iðkun. Fólk skiptir í auknum mæli um trú. Á sama tíma og sumir kjósa að glíma við hinstu rök tilverunnar innan opinna samfélaga snúa aðrir sér til afmarkaðra skipulagðra hópa sem veita skýr og vel skilgreind svör. Um leið sækir margt fólk trúarviðhorf sín og gildi til veraldlegra og mannlegra þátta án þess að skírskotað sé með einhverjum hætti til hins yfirskilvitlega.

C

Mikilvægi greiningar

Í þessum margbrotnu og síbreytilegu aðstæðum standa kristin samfélög frammi fyrir þeirri áskorun að greina fyrirætlun Guðs í þeirri trúarlegu fjölmenningu, sem við búum við í þjóðfélögum okkar, með því að vera trúir lærisveinar Jesú Krists og reiðubúnir handleiðslu andans. Í öllum kirkjum okkar má vænta fjölbreytilegra guðfræðilegra sjónarmiða um það hvernig beri að bregðast við, starfa og taka á þessari áskorun í eitt skipti fyrir öll. Sem anglikanar og lútheranar viljum við vera sérstaklega vakandi fyrir því hvernig Biblían býður sjónarmiðum okkar og hátterni byrginn í samskiptum okkar við aðra trúarhópa. Þegar við höfum lesið ritninguna saman höfum við séð að ef textar hennar eru heimfærðir á aðstæður okkar varpa þeir stundum skýrara ljósi á það hversu ólík sjónarmið okkar geta verið og við viðurkennum að sjónarmið kristinna manna um þvertrúarleg samskipti munu að öllum líkindum vera áfram ágreiningsefni í hefðum okkar beggja í nánustu framtíð.

Við þessar kringumstæður skiptir sköpum að fram fari opinskáar og jákvæðar samræður innan samfélagskirkna okkar og við aðra kristna menn í ekuénískum systurkirkjum okkar um hvernig við getum bætt og eflt samræður okkar við fólk af öðrum trúarbrögðum, með önnur trúarviðhorf og sem ástundar aðra andlega iðkun. Hér á eftir fylgir framlag okkar til slíkra samræðna milli kristinna manna sem byggir á reynslu okkar af tólf afmörkuðum og raunhæfum atriðum sem eru einkum mikilvæg hvað varðar þvertrúarleg samskipti í þjóðfélögum okkar. Þessi atriði eru dregin fram sem dæmi; þeim er hvorki ætlað að vera altæk né nákvæm greining. Í ljósi þess hversu margbreytilegar aðstæðurnar eru þar sem starf okkar og þjónusta er til staðar ber auk þess að hafa í huga að atriðin eru öll í mótun, stöðugt þarf að uppfæra þau og endurmeta.

D

Tólf atriði um þvertrúarleg samskipti fyrir kristna menn

Þessi atriði um samskipti milli trúarbragða eru að mestu leyti sett fram með orðfæri persónulegra samskipta. Í kynnum okkar af fólki af öðrum trúarbrögðum höfum við fengið að reyna hversu djúpstæð áhrif þau geta haft á okkur sjálf, þ.e. dýpkað trúna, endurnýjað hana og aukið. Sem kristnir menn eigum við samt aldrei í þvertrúarlegum samskiptum bara sem einstaklingar heldur líka ávallt sem meðlimir trúarsamfélags okkar. Þetta fulltrúarhlutverk er sérstaklega greinilegt þegar vígðir prestar eiga í hlut, en þvertrúarleg samskipti varða einnig stöðu allra kristinna manna sem lærisveina í ljósi þess að leikmenn hafa mikilvægu hlutverki að gegna og geta líka talað og komið fram fyrir hönd kirkjunnar allrar.

1. Langvarandi traust byggt upp

Trú okkar vitnar um mikilvægi sívarandi umhyggju í garð náungans svo að hægt sé að stuðla að stöðugum og traustum samskiptum. Í þvertrúarlegum samskiptum getur ekkert komið í staðinn fyrir þolinmóða, þrautseiga og tímafreka viðleitni til að kynnast náungum okkar af öðrum trúarbrögðum, vinna traust þeirra og verða vinir þeirra. Við höfum lært að með slíkum samskiptum, sem byggð hafa verið upp til margra ára, verða samræður trúverðugar og hægt verður að leita sannleikans af einlægni og taka á erfiðum viðfangsefnum.

2. Rætt saman í hreinskilni

Þegar við flytjum sannleikann verðum við að forðast einfaldanir og einsleitt orðfæri. Við þurfum raunar að átta okkur á hversu margbrotin og fjölbreytt öll trúarsamfélög eru, að okkar eigin meðtöldu. Þegar við tölum um trúarviðhorf og athafnir annarra þurfum við fyrst að afla okkur góðra upplýsinga og notast við áreiðanlegar heimildir sem við byggjum þekkingu okkar á og við þurfum að tala um náunga okkar með þeim hætti að hann sjái sjálfan sig í lýsingum okkar. Með því móti getum við með hugmyndaríkum og skilningsríkum hætti sett okkur inn í aðstæður þeirra. Ósanngjarnt er að bera saman hugsjónir okkar eigin trúarbragða við atferli annarra og gildir það á hinn veginn einnig. Kristnir menn og meðlimir annarra samfélaga verða að viðurkenna að við stöndum öll frammi fyrir áskorunum þegar við reynum að lifa samkvæmt trú okkar í þjóðfélögum okkar. Jafnvel í aðstæðum þar sem við erum afar ósammála verðum við að leitast við að skilja trú þeirra og athafnir, virða trú þeirra sem uppfærðir þá og elska þá sem náunga okkar. Þegar þeir tímar koma að við teljum okkur þurfa að gagnrýna sjónarmið annarra, komumst við ekki heldur hjá því að gagnrýna okkur sjálf.

3. Við miðlum trúnni

Við erum kölluð til að miðla trú okkar til annarra í fullvissu en einnig af nærgætni. Þegar við gerum það erum við reiðubúin að hlusta og læra um leið og við tölum. Við viðurkennum að markmið þeirra sem taka þátt í samræðum getur verið annað en okkar og að auðvelt er að gruna hvert annað um sigla undir fölsku flaggi. Við getum ekki neytt trú okkar upp á neinn, en við þurfum ávallt að vera reiðubúin að vitna um trú okkar með gjörðum okkar og orðum. Við megum aldrei misnota aðstæður viðkvæmra einstaklinga eða hópa né heldur skilyrða þjónustu okkar við það að þeir taki kristna trú. Innan kirkna okkar viðurkennum við að kristnir menn eru sjálfir

ósammála um hvers eðlis tengslin eru milli þvertrúarlegra samræðna og kristniboðs. Við teljum mikilvægt að þessi ágreiningur sé ræddur opinskátt og af virðingu með hliðsjón af guðfræði okkar og reynslu.

4. Við komum saman frammi fyrir Guði

Við gerum okkur grein fyrir því að kristnir menn vilja stundum koma saman með fólki af öðrum trúarbrögðum til að biðja eða taka þátt í helgihaldi Guði til dýrðar. Þetta gæti t.d. gerst í tengslum við prestþjónustu við hjónavígslur eða útfarir, sem þáttur í vegferð hóps eða samtaka, eða við áföll, minningarathafnir eða þakkargjörð hvort sem er í nærsamfélagi eða á landsvísu. Sem kristnir einstaklingar munu sum okkar fagna tækifærum sem þessum meðan öðrum mun finnast þau afar erfið; fólk af öðrum trúarbrögðum mun að sama skapi sýna margvísleg viðbrögð. Hvernig svo sem þvertrúarlegar bæna- eða tilbeiðsluathafnir eru skipulagðar teljum við mikilvægt að tilgangurinn á bak við þær sé ljós, vandlega sé íhugað hvað sé við hæfi og tryggt sé að allir sem viðstaddir eru geti tekið þátt í því sem skipulagt hefur verið af heilindum og án vandkvæða. Samfélag í þögn getur reynst mikilvæg leið til að tjá návist okkar saman frammi fyrir Guði auk þess sem við lærum af þeirri reynslu að vera velkomnir gestir á bæna- og tilbeiðslustundum hverra annarra.

5. Brugðist við þjóðfélagsbreytingum

Um leið og við fögnum þeim nýja lífsþrótti sem trúarleg og menningarleg fjölbreytni hefur vakið á mörgum sviðum þjóðfélaga okkar, erum við einnig meðvituð um þá ringlureið og þá erfiðleika sem rótgróin samfélög verða fyrir þegar þau sjá umhverfi sitt umbreytast. Við leggjum áherslu á mikilvægi þess að viðhalda kröftugri og virkri nærveru kristninnar á hverju því svæði þar sem trúarleg fjölbreyntin er hvað mest. Við viðurkennum einnig þörfina á því að vera á varðbergi gagnvart þjóðernislegu og trúarlegu misrétti í þjóðfélögum okkar sem bitnað getur á öðrum trúarhópum.

6. Trúarleg fræðsla og aðhlyning

Við þurfum að tryggja að hvarvetna þar sem kirkjur okkar taka þátt í uppfræðslu séu börn og ungmennin nægilega vel undirbúin fyrir lífið sem borgarar í trúarlegum fjölmenningsamfélögum. Í því felst að við gætum þurft að krefjast þess að kristin fræði séu kennd með vísan til þess hve útbreidd þau eru um allan heim og hve menningarlega fjölbreytt þau eru á hverjum stað. Innan kirkjusamfélagsins þarf kenningin að vera sett fram með þeim hætti að það auðveldi kristnu fólki að meta sínar eigin trúarlegu forsendur í þvertrúarlegum samskiptum. Með því að fá fræðslu sem veitir yfirsýn yfir helstu sjónarmiðin getum við öðlast nægilegt sjálfstraust í trú okkar og nálgast annað fólk af opnum huga.

7. Stutt við fjölskylduna

Við þurfum að vera næm fyrir vonum þeirra og þrám sem eru að íhuga að stofna til hjónabands þvert á landamæri trúarbragðanna. Jafnt prestar sem aðrir í kirkjulegri sálgæslu þurfa að hafa forsendur til þess að veita viðeigandi ráðleggingar og stuðning fyrir slík pör og fjölskyldur þeirra. Þeir þurfa einnig að hafa aðgang að viðeigandi efni

til að hlynna að og uppfæða börn foreldra af ólíkum trúarbrögðum og móta stuðningskerfi fyrir fjölskyldur þeirra sem hafa komist til annarar trúar eða snúið frá henni. Við skynjum vaxandi þörf á því að deila hagnýtum ráðum í prestsþjónustunni til þeirra sem orðið hafa fyrir ástvinamissi í þvertrúarlegum samböndum.

8. Unnið í allra þágu

Við sækjumst eftir samstarfi við fólk frá öðrum trúarhópum í hagnýtum verkefnum þar sem slíkt er viðeigandi og mögulegt. Við trúum því að kirkjur okkar hafi sérstöku hlutverki að gegna í því að hvetja ríkisstjórnir þjóða okkar og sveitastjórnir til að kynna sér og öðlast skilning á því hversu fjölbreytt trúarsamfélögin eru. Við viðurkennum að fólk af öllum trúarbrögðum lætur sig þjóðfélagið allt varða, en um leið þurfum við öll að vera hreinskilin um þann raunverulega ágreining sem við getum upplifað þegar við reynum að túlka með raunhæfum hætti gildi sem gætu virkað hin sömu þegar þau eru rædd með almennum hætti. Við trúum því að kirkjurnar séu kallaðar til að vinna með fólki af öðrum trúarbrögðum til að stuðla að velferð hælisleitenda og flóttamanna.

9. Karlar og konur taki þátt

Við gerum okkur grein fyrir því að í þvertrúarlegum aðstæðum getur oft reynst nauðsynlegt að efla hlutdeild og virka þátttöku kvenna (enda þótt í sumum tilfellum séu það karlmennirnir sem eru í minnihluta). Við ættum í samvinnu við fólk frá öðrum trúarsamfélögum að leggja okkur fram við að tryggja að þátttaka í þvertrúarlegum viðburðum einkennist af sanngjörnu kynjahlutfalli og veita sjálf jákvætt fordæmi með því að krefjast þessa af hálfu þeirra sem koma fram fyrir hönd kristindómsins. En um leið verðum við að viðurkenna vægi þeirra menningarlegu og trúarlegu þátta sem kunna að hindra þátttöku kvenna við hlið karla í þvertrúarlegri starfsemi. Í samræðum milli trúarbragða ættum við að vera tilbúin til að vekja máls á kvenréttindum því að þau eru mannréttindi.

10. Afskipti af alþjóðlegum málefnum

Við gerum okkur grein fyrir því að ómögulegt er að einangra þvertrúarleg samskipti í okkar eigin löndum frá þeim áhrifum sem komið geta frá öðrum löndum. Alþjóðleg málefni geta haft mjög alvarleg áhrif á trúarlega minnihlutahópa og sérstaklega á erfiðleikatímum þurfum við að vera reiðubúin til að sýna samstöðu með þeim samfélögum sem gætu fundist sér ógnað. Aðstæður berskjaldaðra minnihlutahópa í öðrum löndum verða oftast en ekki mikilvægt umræðuefni í samræðum og kirkjur okkar skynja ekki síst tengsl bænar- og hluttekningar með ofsóttum kristnum samfélögum. Við þurfum þó að gera það ljóst að ósanngjarnt er að gera trúarsamfélög í löndum okkar samábyrg með gjörðum trússystemum þeirra í öðrum heimshlutum.

11. Trúfrelsið varið

Skuldbinding kristinna manna um að elska náungann og sækjast eftir réttlæti öllum til handa fær okkur til að taka undir mikilvægi trúfrelsis í sérhverju þjóðfélagi. Í löndum okkar er þessa gætt af Evrópska mannréttindaráðinu: „Sérhver einstaklingur hefur rétt

á skoðanafrelsi, samviskufrelsi og trúfrelsi; í þessu felst frelsi til að skipta um trúarbrögð eða trúarviðhorf og frelsi til að láta trúarbrögð sín eða trúarviðhorf í ljós með tilbeiðslu, boðun, iðkun eða helgisiðum, hvort sem það er gert af einstaklingi eða í hóp með öðrum, opinberlega eða í einrúmi.“ (1950.) Við látum okkur sérstaklega varða réttindi minnihlutahópa í okkar eigin þjóðfélögum. Við viðurkennum mikilvægi þeirrar grundvallarreglu að jöfn réttarvernd gildi um alla borgara okkar; mikilvægt er að trúarvald sé ekki misnotað til að stjórna eða kúga varnarlausa einstaklinga.

12. Trúarafstaðan breytist

Þar sem andinn er að verki fögnum við því að fólk geti komist til trúar á veg Krists. Slíkt verður ávallt að eiga sér stað sem frjáls afleiðing vilja Guðs, ekki vegna fyrirætlana okkar eða þrýstings. Við viðurkennum að þvertrúarleg samskipti geta haft róttæk og óútreiknanleg áhrif á líf fólks. Þau geta leitt til þess að fólk skiptir um trúarafstöðu ýmist frá kristinni trú eða til hennar. Fólki af ólíkum trúarbrögðum getur líka fundist sem þvertrúarleg samskipti færi það nær Guði innan þeirra marka sem trúarafstaða þeirra leyfir. Sem kristnir einstaklingar þurfum við að gera okkur grein fyrir þeim vandkvæðum sem þeir sem ungir eru í trúnni geta staðið frammi fyrir og kirkjurnar okkar þurfa að vera tilbúnar til að taka breytingum til þess að geta tekið á móti nýjum meðlimum. Sumum trúskiptingum getur fundist sjálf hugmyndin um þvertrúarlegar samræður erfið, sérstaklega ef hún fær þá til að mæta fyrri trúarbrögðum sínum. Aðrir trúskiptingar gætu hins vegar haft ýmislegt þýðingarmikið fram að færa frá sjálfum sér sem aukið getur skilning milli trúarbragða og teljum við að hlutverk þeirra í slíkum samræðum þurfi að festa í sessi.

Þýðing: Bjarni Randver Sigurvinsson